

FÉLAG MUNN- OG KJÁLKASKURÐLÆKNA

LÖG

1. grein

Nafn félagsins er: Félag munn- og kjálkaskurðlækna (FMK)
Íslandsk forening for tand- mund og kæbekirurgi (danska)
Icelandic association of oral- and maxillofacial surgeons (enska)

2. grein

Félagið er deild innan TFÍ.

3. grein

Tilgangur félagsins er að efla samstöðu og gæta hagsmuna munn- og kjálkaskurðlækna á Íslandi og auka fræðileg skoðanaskipti og umræður.
Félagið skal einnig annast samskipti við hliðstæð félög í öðrum löndum.

3. grein

Félagar geta orðið allir tannlæknar í TFÍ, sem eru viðurkenndir sérfræðingar í munn- og kjálkaskurðlækningum.

Aukafélagar geta þeir orðið, sem stunda viðurkennt sérnám í munn- og kjálkaskurðlækningum eða hafa lokið slíku námi en ekki fengið sérfræðiréttindi á Íslandi. Aukafélagar hafa fullan atkvæðisrétt og rétt til að sitja í stjórn félagsins, þar til nægilegur fjöldi til þess að mynda stjórnina hefur fengið sérfræðingsréttindi í munn- og kjálkaskurðlækningum.

Stjórnin úrskurðar um inngöngu nýs félaga að fenginni skriflegri umsókn. Stjórnin getur, með samþykki aðalfundar, kosið heiðursfélaga hvern þann sem vinnur félaginu eða fræðigreininni sérstakt gagn.

4. grein

Stjórnin skal skipuð formanni, ritara og gjaldkera. Stjórn félagsins skal boða til funda minnst tvisvar á ári.

5. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir aðalfund TFÍ ár hvert. Á aðalfundi skal formaður gefa skýrslu og gjaldkeri leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins. Á aðalfundi annað hvert ár skal kosin stjórn. formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Einnig skal kosinn endurskoðandi.

Ef atkvæði skiptast jafnt til stjórnarkjörs ræður hlutkesti. Við allar almennar atkvæðagreiðslur innan félagsins ræður einfaldur meirihluti, en ef atkvæði skiptast jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. grein

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi og greiði aukafélagar fullt gjald. Heimilt er þó að lækka eða fella niður árgjald samanber 7. grein laga TFÍ.

7. grein

Ef félagsmaður gerist brotlegur við lög félagsins eða codex TFÍ getur stjórnin lagt til á aðalfundi að honum verði vikið úr félaginu og verða þá 4/5 fundarmanna að vera samþykkir. Ákvörðunin skal send stjórn TFÍ.

8. grein

Komi til deilna milli félagsmanna út af lögum félagsins eða codex TFÍ, skal stjórnin eða nefnd tilnefnd af stjórninni reyna sættir áður en deilumálum er vísað til stjórnar TFÍ.

9. grein

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg til stjórnar. Hafi félagi ekki greitt árgjald til félagsins í 2 ár skal hann strikaður út af félagskrá. Sá sem gengur úr félaginu, en óskar inngöngu á ný, getur því aðeins orðið félagi aftur að hann greið fyrri skuldir sínar við félagið.

10. grein

Til að breyta lögum félagsins þarf samþykki 2/3 hluta fundarmanna.

4/3 2015

Gómundur A. Björnsson
H. Selvig
Svarar félag